

Leikskólinn Tjarnarbær

Ársskýrsla



Frá ágúst 2021 til júliloka 2022

Inngangur

Í þessari skýrslu koma fram allar helstu upplýsingar um skólastarfið í leikskólanum Tjarnarbæ fyrir skólaárið 2020–2021.

Leikskólinn Tjarnarbær hóf starfsemi sína þann 12. apríl 1983 en var formlega vígður þá um sumarið, af þáverandi forseta Íslands frú Vigdísi Finnbogadóttur.

Tjarnarbær er staðsettur á fallegum stað í þorpinu og við hliðina á skólanum er tjörn, sem hann dregur nafn sitt af. Stutt er í náttúrulegt umhverfi og einnig er stutt í sundlaug og íþróttahús.

Leikskólinn er byggður sem tveggja deilda leikskóli og er rými að hámarki fyrir 36 börn, 23 börn á eldri deild og 13 börn á yngri deild. Deildarnar bera nöfn sín af fjöllum tveimur sem umlykja fjörðinn okkar, Spilli og Gelti.

Hagnýtar upplýsingar um skólann

Á Tjarnarbæ er boðið upp á vistun frá kl. 7:45 – 16:15. Boðið er upp á sveigjanlegan dvalartíma, 4 - 8 klst.

Heimilisfang skólans er: Túngata 11, 430 Suðureyri.

Símanúmer: 450 8290 - gsm: 896 7991

Leikskólastjóri: Svava Rán Valgeirsdóttir, tjarnarbaer@isafjordur.is

Deildarstjóri: Lilja Einarsdóttir, liljaei@isafjordur.is

Aldurssamsetning barna á síðasta skólaári var frá 1 til 6 ára.

Á síðasta skólaári voru 17 börn á haustönn, 19 börn á vorönn og 19 börn á sumarönn auk þess sem þrjú grunnskólabörn voru í dægradvöl eftir hádegi. Á Tjarnarbæ eru tvær deildir, Göltur og Spillir. Á Gelti eru yngstu börnin frá eins til þriggja ára og á Spilli eru eldri börnin frá þriggja til sex ára, auk þess sem grunnskólabörn eru í dægradvöl eftir hádegi.

Starfsfólk / Fjöldi kennara og stöðugildi

Við leikskólann starfa tveir leikskólakennarar sem sinna stöðu leikskólastjóra og deildarstjóra. Einn starfsmaður er leikskólaliði og að auki vinna tveir starfsmenn inni á deild. Eitt stöðugildi er fyrir matráð en hann eldar fyrir leik- og grunnskólann. Stöðugildi við leikskólann eru 6.00. Tveir starfsmenn skipta á milli sín ræstingu við skólann. Stöðugildi við skólann fer eftir fjölda barna í skólanum hverju sinni. Þónokkur undirmönnun var í leikskólanum á síðasta starfsári þar sem erfitt reyndist að ráða í afleysingarstöðu. Staðan var þannig að fjórir starfsmenn dekkdu eina stöðu yfir árið í mislöngum tímabilum.

Skipulags- og námskeiðsdagar / fræðsla á þessum dögum

- Starfsmannafundur 25. ágúst. Fræðsla um aga og atferlisþjálfun, námskeið á netinu, kennari Berglind Sveinbjörnsdóttir.
- Námskeiðsdagur 10. september. Eyrún Ísfold Gísladóttir var með Lubba námskeið fyrir starfsmenn. Hljóðasmiðja Lubba leggur sérstaka áherslu á máhljóðin og bókstafirnir birtast sem fulltrúar þeirra, m.a. í þeim tilgangi að tengja saman hljóð og staf í vinnu með lestur og ritun. Matráðum leikskólanna var boðið upp á námskeið í súrdegsbakstri. Kennari var Helga Konráðsdóttir. Einnig kynnti Sigurborg Þorkelsdóttir frá Fræðslumiðstöðinni stuttlega námskránnu Meðferð matvæla og raunfærismat í matartækni.
- Starfsdagur 22. apríl. Netfyrirlestur með Elínu Þöll Þórðardóttur sem ber nafnið „Ættu öll börn að kunna íslensku?“. Jafnframt farið í gegnum fræðsluefni á síðunni Miðja mál og læsis.
- Starfsmannafundur 22. júní. Hlustað á kynningu á Meistaraverkefni Ástrósar Þóru Valsdóttur er ber nafnið „Málleg samskipti í leikskóla - Samræður starfsmanna leikskóla við börn sem hafa íslensku sem annað mál“.

Skýrsla um skólahald starfsárið 2021– 2022

Haustið byrjaði á hefðbundinn hátt og unnið var eftir starfsáætlun sem starfsmenn í sameiningu höfðu sett sér. Hins vegar hafði Covid enn og aftur áhrif á skólastarfið en við upphaf skólaárs var ákveðið að viðhalda grímuskyldu innandyra hjá foreldrum, var það fyrst og fremst gert til að vernda starfsfólk og börn. Vegna sóttvarnartakmarkanna þurftum við að fella niður Afa- og ömmukaffi og einnig var foreldrum ekki boðið á jólaballið eins og hefð er fyrir hjá okkur. Rétt fyrir jólin þurftum við svo enn frekar að herða aðgerðir vegna aukinna smita á Norðanverðum

Vestfjörðum og þá fengu foreldrar ekki lengur að koma inn í skólann, heldur var tekið á móti börnunum í anddyrinu. Í lok febrúar gekk Covid-19 yfir skólann og hvorki börn né kennarar sluppu. Vikan 28. feb. – 4. mars var mjög erfið hjá okkur, á hverju kvöldi þurftum við að biðja foreldra um að láta okkur vita hvort barnið kæmi í skólann morguninn eftir eða ekki því að við þurftum að tryggja að við hefðum nægan fjölda starfsmanna hverju sinni. Foreldrar sýndu þessu mikinn skilning og sem betur fer kom það ekki til að við þyrftum að skerða vistun hjá börnunum. Fresta þurfti öskudeginum um tvær vikur á meðan Covid bylgjan gekk yfir Súgandafjörð.

Það var á áætlun okkar að fara í námsferð þetta skólaárið, en hætt var við það vegna stöðunnar á Covid, en vonandi verður hægt að gera það á næsta skólaári.

En það var ekki bara Covid sem hafði áhrif á skólstarfið, veðrið var líka að hafa áhrif á það. Haustið byrjaði með hveli en 28. september voru foreldrar beðnir um að sækja börn sín fyrir kl. 13:00 en þá var appelsíngul viðvörðun í gangi og veðri spáð versnandi þegar leið á daginn. Þann 7. feb voru vinnustaðir á Suðureyri flestir lokaðir vegna veðurs og ófærðar í þorpínu, skólinn byrjaði því ekki fyrr en kl. 10 þann dag en þá var búið að moka flestar götur og veðrið farið að ganga niður. Það var síðan 23. febrúar sem tekin var sú ákvörðun af sviðsstjóra að höfðu samráði við Almannavarnir að allir skólar í Ísafjarðarbæ skyldu vera lokaðir þann dag vegna óveðurs.

Föstudaginn 4. mars fundum við fyrir mikilli olíulykt á leikskólalóðinni en ekki var vitað hvaðan hún kæmi. Í ljós kom síðar að olía hefði lekið frá Orkubúi Vestfjarða út í Tjörnina. Fundað var með Umhverfisstofnun og talið var óhætt að hafa börnin úti í leik ef vindáttin væri út fjörðinn og lyktina legði því ekki yfir skólann. Við þurftum að halda börnunum inni einn dag vegna loftmengunar.

Í upphaf skólaársins náðu við ekki að manna skólann að fullu og var það ástand viðloðandi af og til allt skólaárið. Það var ekki fyrr en í lok október sem við náðum að ráða inn og þá skiptu tveir starfsmenn á milli sín 100% stöðu. Breyting varð aftur eftir áramótin og vorum við þá bara með starfsmann í 75% stöðu. Hins vegar fengum við inn starfsmann af og til yfir skólaárið og með því gátum við m.a. séð til þess að kennarar fengu sinn lögbundna undirbúningstíma. Breyting var síðan aftur á sumarönn en þá fengum við starfsmann inn í sumarstarf. Hins vegar er allt óráðið með framhaldið á næsta skólaári en vonandi verður meiri festa í starfsmannahaldi.

Á miðju skólaárinu var ákveðið ásamt öðrum leikskólum í Ísafjarðarbæ að taka þátt í þróunarverkefni sem ber nafnið „Snemmtæk íhlutun í mál og læsi“. Ásthildur B. Snorradóttir og

Halldóra G. Helgadóttir halda utan um verkefnið og leiðbeina hverjum og einum leikskóla að útbúa starfsmannahandbók með verkferlum og skipulagi er varðar mál og læsi í leikskólanum. Ísafjarðarbær bauð upp á auka starfsdag vegna þessa verkefnis en á þeim degi var fræðsla fyrir allt starfsfólk.

Margt skemmtilegt var gert yfir veturinn. Má þar nefna að unnið var með Vináttuverkefni Barnaheilla, skemmtileg þemaverkefni voru í vinnslu yfir starfsárið, útikennsla og farið var í ýmsar vettvangsferðir.

En einn af hápunktum skólustarfsins á þessu skólaári var þó þegar forsetinn okkar Guðni Th. Jóhannesson kom í til okkar í opinbera heimsókn. Mikil eftirvænting var hjá börnunum að fá hann í heimsókn. Færðu þau honum mynd sem var táknræn fyrir fjölbreytileikann sem einkennir leikskólann okkar. Veðrið var dásamlegt þennan dag og allir höfðu mjög gaman af heimsókninni.

Og enn á ný er eitt skólaár liðið sem var uppfyllt af ýmsum áskorunum og skemmtilegum ævintýrum sem við tókumst sameiginlega á við. Við ætlum samt sem áður að vona að þetta hafi verið síðasta skólaárið sem Covid er að hafa áhrif á starfið okkar.

Starfsmarkmið fyrir skólaárið 2021 – 2022

1. Náum betri árangri saman
2. Vináttuverkefni Barnaheilla
3. Barnafundir
4. Þemavinna

1. Náum betri árangri saman

Unnið var áfram með verkefnið *Náum betri árangri saman* en um er að ræða þróunarverkefni sem Grunnskólinn á Suðureyri tekur einnig þátt í. Verkefnið snýr bæði að kennurum, foreldrum og börnum. Annars vegar með því að efla færni kennara við orðaforðakennslu, samþættingu námsgreina og samvinnu. Hins vegar að efla foreldrasamstarf með sérstakri áherslu á þátttöku foreldra af erlendum uppruna og möguleikum þeirra til að styðja við nám barna sinna. Á starfsárinu ákváðu leikskólar Ísafjarðarbæjar að taka sameiginlega þátt í öðru þróunarverkefni sem ber nafnið *Snemmtæk íhlutun í mál og læsi*. Það verkefni passaði mjög vel við okkar verkefni og styrkir starfsmannahópinn í að takast á við markvissa málörvun í fjölmenningsarlegum leikskóla. Boðið hefur verið uppá námskeið varðandi snemmtæka íhlutun og okkur hefur verið bent á ýmsan fróðleik á netinu sem við höfum nýtt með starfsmannahópnum.

Þær aðferðir sem starfsmannahópurinn vann með á skólaárinu var samræðulestur, en sú aðferð byggir á því að sama bókin er lesin alla vikuna og farið er í gegnum þrjú stig í sögulestrinum. Í sögustundinni er orð vikunnar valið og það síðan markvisst notað alla vikuna í skólanum. Lubbastundir eru einu sinni á dag, þar er unnið með námsefnið Lubbi finnur málbein sem gengur út á hljóð stafanna og við veljum á hverjum mánudegi bókstaf vikunnar. Í hópastarfi er markviss málörvun einu sinni í viku og er þá unnið á fjölbreyttan hátt með hljóðkerfisvitund, orðaforða, samræður og samskipti. Gefðu 10 ekki bíða, er aðferð sem við erum að nota, hún miðar að því að auka samræður og samskipti m.a. við fjöltyngd börn sem eru að læra íslensku sem annað mál. Orðmyndir og stafir eru sýnileg um allan leikskólann. Börnin eigi auðvelt með að nálgast leikefni sem tengjast lestri og málörvun.

Matstæki: Orðaskil, Hljóm-2 próf, EFI- málþroskapróf, gátlistar fyrir hvern aldurshóp, orðalisti sem fylltur er út fyrir yngstu börnin.

Endurmat:

Þær kennsluáðferðir sem nefndar voru hér að ofan virkuðu mjög vel og höldum við áfram að nota þær. Orð vikunnar er farið að festast í sessi og orðið kennurum og börnum nokkuð tamt. En við viljum gera orð vikunnar sýnilegra fyrir foreldra og hvetja þá til að nota orðið líka heima með börnum sínum. Við munum því setja í hverri viku orðið inná fb síðu leikskólans. Eins ætlum við að byrja aftur með tákni með tali og velja 2 - 3 tákni í einu og bæta fleirum við þegar börnin hafa lært táknið. Samræðulesturinn gekk nokkuð vel í vetur en það veldur okkur smá erfiðleikum hvað aldursgetan og aldursbreidd er oft mikil í lestrarhópnum. Aðferðin Gefðu 10 ekki bíða, er mjög góð og var notuð fyrir þau börn sem okkur fannst þurfa meiri örvun. Við erum alveg á því að þessi aðferð virkar vel og vorum við með skráningarblað þannig að hægt væri að fylgjast markvisst með hversu oft og hverjir voru að vinna eftir aðferðinni. Við ætlum að bæta enn við þessa aðferð og taka þau börn sem okkur finnst þurfa í einstaklingskennslu, sem átaksverkefni í 2 – 3 vikur í senn. Við prófuðum þessa aðferð í sumar og það gaf mjög góða raun og virtist fleyta börnum áfram.

2. Vináttuverkefni Barnaheilla

Fastur liður í starfinu hjá okkur er Vináttuverkefni Barnaheilla sem ber nafnið Fri for Mobberi og er um að ræða forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla. Kennarar eru mjög ánægðir með þetta verkefni sem gefur okkur verkfæri til að vinna markvisst gegn einelti og samhliða að byggja upp góð samskipti milli leikskólabarna. Lögð er áhersla á að börnin læri að við erum öll ólík, engir tveir eru eins og að allir hafi jafnan rétt. Bakgrunnur barnanna í leikskólanum er

mjög ólíkur og er hlutfall barna af erlendum uppruna mjög hátt. Börnin þurfa að læra að meta kosti og styrkleika annarra og að koma öðrum til hjálpar á því sviði sem þeir eru ekki eins sterkir. Við leggjum áherslu á umburðarlyndi og skilning á sérstöðu einstaklinga. Það er hlutverk kennarans að leiðbeina barninu í mannlegum samskiptum. Við leggjum mikla áhersla á að öll börnin hafi tækifæri til að eignast vini innan leikskólans.

Matstæki: Félagaskönnun er lögð fyrir börnin á haust- og vorönn, en hún getur gefið vísbendingar um ef eitthvað barn samlagast ekki hópnum og á erfitt með að eignast vini innan leikskólans. Ef barn kemur illa út úr þessari könnun er henni fylgt eftir með atferlisathugun, til að kanna nánar hvað veldur einangrun barnsins frá hópnum. Skráning á vali barnanna, hvað velja þau og við hvern leika þau er gerð í október, janúar og mars.

Vináttuverkefni Barnaheilla er gott verkfæri til að byggja upp góð samskipti í leikskólanum.

Við notum skráningarblöðin um tengslamyndun sem fylgja verkefninu.

Endurmat:

Það kemur vel út að leggja félagakönnun fyrir tvisvar á ári, þannig er auðveldara að fylgjast með og grípa inn í ef þess þarf. Við erum mjög ánægð með Vináttuverkefni Barnaheilla og hjálpar kennsluefnið okkur mjög mikið við að vinna markvisst að þessum málum. Ekki gafst kostur á að senda alla starfsmenn á námskeið hjá Barnaheillum þetta skólaárið, en vonandi gefst kostur á því á næsta skólaári.

3. Barnafundir

Fastir liðir í starfinu okkar eru barnafundir en á þeim eru ýmiss málefni rædd. Það er mat okkar að þessir tímar séu mikilvægir og gefi börnunum tækifæri að koma fram með sínar hugmyndir, leita lausna og sam mælast þegar það á við. Börnin læra um samvinnu á þessum fundum og ekki síður fá þau þá tilfinningu að þau tilheyra öll hópnum og að allar skoðanir eru jafn mikilvægar.

Matstæki: Það sem er rætt og ákveðið, er skráð í sérstaka fundarbók.

Endurmat: Við erum mjög ánægð með barnafundina okkar og teljum þá mjög mikilvæga til að þjálfa börn á að takast á við málefni á lýðræðislegan hátt. Á næsta skólaári verður barnahópurinn yngri þar sem ekkert barn er á elsta ári í leikskólanum. Það er því trúlegt að við þurfum að aðlaga fundina enn frekar að yngri barna hóp.

4. Þemavinna

Við ákváðum að taka aftur upp þemavinnu með börnunum og var það gert með elsta barnahópnum. Notuð var könnunaraðferðin e. project approach með börnunum og á þann hátt fundið út áhugasvið þeirra og hvað þau vildu fræðast og læra um. Börnin fá með þessari aðferð að rannsaka og læra um viðfangsefnið á sinni forsendum. Markmiðið er síðan að draga fram það sem börnin hafa lært, nýjar hugmyndir þeirra, hugsanir og hvað annað sem hefur fangað huga þeirra í sambandi við viðfangsefnið. Það viðfangsefni sem börnin völdu sér var m.a. Könguló og Fjaran og sjórinn. Engin takmörk voru á því hversu lengi hvert þema mætti standa yfir eða hversu stutt þau stóðu yfir.

Matstæki: Hópastjórar skrá hjá sér ferlið sem hefur átt sér stað hjá börnunum bæði í texta og myndaskráningu. Þekkingarvefur var gerður um viðkomandi efni, teknar ljósmyndir og myndskreið og börnin vinna í listsköpun að þemaverkefninu.

Endurmat: Það er mat okkar að mjög skemmtilegt sé að vinna með Könnunaraðferðina í þemavinnu. Þetta árið skiptum við því þannig að einn kennari sá alfarið um myndlistina og kom það mjög vel út og skemmtileg verkefni sem börnin unnu. Hins vegar koma það aðeins niður á flæðinu í þemavinnunni. Fyrirkomulaginu á þessu þurfum við að skoða fyrir næsta skólaár með tillit til kosta og galla.

Endurvinnsla og flokkun

Einn af föstum liðum í starfinu hjá okkur er pappírs- og kertagerð og er það hluti af stefnu okkar varðandi náttúruna og umhverfið. Börnin læra að það er hægt að endurnýta hluti og búa til eitthvað nýtsamlegt úr hlutum sem við myndum annars henda. Börnin koma með kertaafgangi og pappír að heiman og reglulega er unnið með þennan efnivið yfir veturinn. Í leikskólanum flokkum við allt rusl og taka börnin virkan þátt í því, en á föstudögum er kassinn sóttur í eldhúsið og flokkað upp úr honum. Allur lífrænn afgangur er flokkaður frá og sett í sér tunnu sem Ísafjarðarbær útvegar, við höfum því hætt að vera með okkar eigin safnkassa á lóðinni.

Nám án aðgreiningar - sérkennsla

Leikskólinn á að taka tillit til þarfa hvers barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum. Í allri kennslu ber að hlúa vel að sterkum hliðum hvers barns og nýta þær til þess að byggja upp þá þætti sem eru slakari, þannig byggjum við upp sterka sjálfsmynd hjá hverju barni. Það er stefna okkar að horfa til heiltækrar skólafestu, sem felst í því að komið sé til móts við þroskahömlun barna inni á deild. Þó teljum við að stundum sé þörf á að sinna

sérkennslunni í ró og næði með einu til tveimur börnum í einu, t.d. þegar barnið á við fram-
burðarerfiðleika að glíma eða þá að barnið eigi mjög erfitt með að einbeita sér í stórum hóp.
Gæta þarf þess sérstaklega að börn með sérþarfir öðlist félagslega reynslu til jafns við önnur
börn og að þau séu eins virkir þátttakendur innan barnahópsins og kostur er.

Þegar barn þarf á sérkennslu að halda er útbúin fyrir barnið einstaklingsnámskrá, en hún felur
í sér markmið sem hafa verið sett fyrir barnið og þær leiðir sem á að fara til þess að ná þessum
markmiðum. Bæði eru sett fram langtímamarkmið og einnig skammtímamarkmið.

Samstarf leik - og grunnskóla

Mjög gott samstarf hefur verið á milli leikskólans og grunnskólans og hefur ákveðin hefð
skapast í því samstarfi. Markmið samstarfsins er fyrst og fremst að byggja brú frá leikskóla yfir
í grunnskóla og skapa þannig samfellu í skólastarfinu. Við höfum haft það þannig að
heimsóknir á milli leikskóla og grunnskóla byrja strax á haustönn. Gagnkvæmar heimsóknir
eru einu sinni í mánuði á haustönn og fram í febrúar. Grunnskólabörnin komu tvisvar sinnum
í heimsókn til okkar í leikskólann á tímabilinu og vinna verkefni hjá okkur. Leikskólabörnin
fara fjórum sinnum á tímabilinu í heimsókn í grunnskólann. Í mars byrjuðu elstu börnin í
leikskólanum að fara í heimsóknir einu sinni í viku í grunnskólann og taka tilvonandi
grunnskólabörn þátt í öllum kennslutímum með 1. bekk. Þannig gefst þeim kostur á að kynnast
skólastarfinu og tilvonandi samnemendum sínum. Það er Vilborg Ása Bjarnadóttir, kennari
yngsta stigs, sem sér um að skipuleggja heimsóknirnar fyrir hönd grunnskólans.

Endurmat: Þriðja árið í röð hafði Covid-19 áhrif á skipulag okkar en sem betur fer var það þó
ekki mikið. Heimsóknir á haustönn féllu niður og grunnskólabörnin komu ekki í heimsókn í
leikskólann. Það var síðan ekki fyrr en í lok mars að vikulegar heimsóknir tilvonandi
grunnskólabarna byrjuðu og voru síðan eftir skipulagi út vorið. Það tókst einnig að fara
sameiginlega vorferð með grunnskólanum þetta árið og var það mjög gleðilegt.

Almennt séð er það mat okkar að samstarf skólastiganna gangi vel fyrir sig og mikil jákvæðni
er á báðum skólastigum um mikilvægi góðs samstarfs börnunum til heilla.

Sérkennsla

Leikskólastjóri hefur sinnt þeim börnum sem hafa þörf fyrir einstaklingssérkennslu, einnig
höfum við unnið með börnin í minni hópum inni á deild. Flest þeirra barna sem fá sérstuðning,
fá hann vegna mál- og/eða hegðunarerfiðleika. Boðið hefur verið upp á tíma hjá
talmeinafræðingi og er það í gegnum fjarfundabúnað hjá Tröppu. Við erum mjög ánægð með
það fyrirkomulag þar sem hvorki Covid né veður hefur áhrif á tímana. Sjúkraþjálfari kemur einu

sinni í viku til okkar og er með þjálfun fyrir barn og við erum einnig í góðu samstarfi við Greiningarstöð.

Skimunarpróf sem notuð eru í skólanum:

- EFI- málþroskapróf, lagt fyrir öll 3 - 4 ára börn
- Hljóm-2 próf, lagt fyrir öll 5 ára börn
- Könnunarskimun á stærðfræðihugtökum, lagt fyrir öll 5 ára börn.
- MÍÓ stærðfræðiskimun lagt fyrir börn frá 3 ára aldri.
- Tove Krogh teikniprófið – lagt fyrir öll 5 ára börn.
- Hreyfiproska gátlisti, lagt fyrir öll börn frá tveggja ára aldri.
- Tras- málþroskapróf, nýtt sem matstæki fyrir þau börn sem þess þurfa.
- Félagakönnun, lagt fyrir öll börn á eldri deild, gefur okkur vísbendingar um hvort eitthvert barn er útundan í barnahópnum.

Skóladagatal Tjarnarbæjar 2021-2022

Ágúst

- 5. Opnum eftir sumarfrí
- 13. Leikjadagur
- 18. Berjaferð
- 25. Starfsmannafundur frá kl. 13:00
- 27. Útikakó

September

- 1. Hópastarf byrjar
- 8. Dagur læsis
- 10. Námskeiðsdagur
- 16. Dagur ísl. náttúru
- 17. Ferðadagur
- 24. Sýndu og segðu frá
- 29. Ömmu- og afadagur

Október

- 5. Foreldrarfundur
- 8. Bleikur dagur
- 14. Starfsmannafundur frá kl. 13:00

- 18. Foreldraviðtöl
- 19. Foreldraviðtöl
- 20. Foreldraviðtöl
- 21. Foreldraviðtöl
- 22. Foreldraviðtöl
- 27. Bangsadagur/náttfatadagur

Nóvember

- 2. Doppóttur dagur
- 3. Röndóttur dagur
- 4. Köflóttur dagur
- 11. Pólsk hátíð
- 14. Feðradagurinn
- 16. Dagur ísl.tungu
- 17. Starfsmannafundur kl. 13:00
- 19. Búningardagur
- 20. Dagur mannréttinda barna

Desember

- 1. Íslensk hátíð / Fullveldisdagurinn
- 2. Jólaföndur foreldrafélagsins
- 16. Jólaball
- 17. Bæjarferð

Janúar

- 3. Skipulagsdagur
- 6. Þrettándinn
- 14. Rafmagnslaus dagur
- 21. Bóndadagur/Þorrablót
- 28. Tónlistardagur

Febrúar

- 6. Dagur leikskólans
- 9. Starfsmannafundur frá kl. 13:00
- 14. Tælensk hátíð
- 18. Starfsdagur (auka námskeiðsdagur)

- 15. Bolludagur

Mars

- 1. Sprengidagur
- 2. Öskudagur
- 9. Starfsmannafundur frá kl. 13:00
- 10. Foreldraviðtöl
- 11. Foreldraviðtöl
- 15. Foreldraviðtöl
- 16. Foreldraviðtöl
- 17. Foreldraviðtöl
- 21. Litavika / gulur
- 22. Litavika / rauður
- 23. Litavika / grænn
- 24. Litavika / blár
- 25. Litahátíð

Apríl

- 8. Ensk hátíð
- 12. Afmæli Tjarnarbæjar 39 ára
- 21. Skipulagsdagur (Féll niður)
- 23. Skipulagsdagur

Maí

- 4. Sveitaferð
- 8. Mæðradagur
- 13. Göngudagur
- 20. Starfsmannafundur frá kl.13:00
- 21. Vorsýning
- 31. Útskrift

Júní

- 14. Filipseysk hátíð
- 22. Starfsmannafundur frá kl. 13:00
- 24. Útikakó

Júlí

- 6. Fjallganga
- 14. Sumarlokun.

Í kaflanum hér á eftir verður farið yfir það helsta sem var á skóladagatalinu á síðasta starfsári. Stiklað verður á stóru enda er ýmislegt skemmtilegt var brallað saman á árinu og líf og fjör alla daga. Skólaárið byrjaði með berjaferð en við förum alltaf í með börnin upp í hlíðina fyrir ofan þorpið okkar, en þar er að finna þer sem gaman er að tína. Hópastarfið hjá okkur byrjaði 1. september, en við skiptum börnunum upp í fjóra hópa og bar einn kennari ábyrgð á hverjum hóp. Það var nýbreytni hjá okkur að á eldri deild sá einn kennari alfarið um markvissa málörvun og annar sá alfarið um myndmennt. Þegar það eru **Ferðadagar** hjá okkur förum við í lengri gönguferðir og tökum stundum nesti með okkur. Vinsælt er að labba upp á Skothól eða út á flugvöll, að Markúsínu, kringum lónið eða nýja göngustíginn. Því miður þurftum við aftur að fella niður ömmu- og afa kaffið vegna covid, en á skipulaginu átti það að vera í lok september. Á **Bangsa- og náttfatadegi** mættu allir í náttfötum með bangsann sinn. Við höldum upp á dag þeirra landa sem tengjast leikskólanum hverju sinni, á sl. ári vorum við með **pólska, taílenska, enska, filipíska, tékkneska og íslenska hátíð**, en þessa daga er boðið upp á þjóðlegan mat og dagurinn er tileinkaður hverju landi og flaggað er fána hvers lands. Við erum með **Litadaga** en þá eiga börnin að koma í viðeigandi lit í leikskólann, einnig erum við með **Doppóttan, Röndóttan og Köflóttan dag**. Þann 16. nóvember ár hvert höldum við upp á **Dag íslenskrar tungu** með ýmsum hætti. Foreldrafélagið hefur verið með **Jólafondur** fyrir foreldra og börn, en því miður féll það niður vegna covid eins og undanfarin ár. Hefð er fyrir því á jólaballi leikskólans sé foreldrum boðið að koma og dansa með okkur í kringum jólatréð. En þetta árið var því miður ekki hægt að gera það sökum samkomutakmarkana vegna Covid. Því miður fékk jólasveinninn enn og aftur ekki heldur leyfi til að koma á ballið, en í staðinn þá hittum við hann nokkrum dögum seinna upp í skóginum fyrir ofan þorpið. Það var virkilega skemmtilegt og dásamleg uppákoma. Í janúar höfðum við rafmagnslausan dag og þá mættu allir með vasaljós í leikskólann, einni fóru börnin með vasaljós upp í Tjarnarlundinn okkar en þau höfðu viku áður sett upp endurskinsmerki á trén. **Þorrablót** er haldið ár hvert, börnunum er boðið upp á þorramat að íslenskum sið og börnin eru með skemmti- og söngatriði. Þann 6. febrúar ár hvert er **Dagur leikskólans** en markmiðið með honum er að kynna það starf sem fer fram í leikskólum landsins. Vegna sóttvarnatakmarkana var ekki hægt að bjóða foreldrum í heimsókn þetta árið, en í staðinn settum við saman skemmtilegt myndband um starfið okkar í leikskólanum. Þetta er í annað skipti sem við gerum það þar sem ekki hefur verið hægt að bjóða

foreldrum inn í leikskólann sökum Covid. Haldið er upp á **Bollu- Sprengi- og Öskudagur** á hefðbundinn í leikskólanum en þetta árið var undantekning á því vegna Covid. Á Bolludegi var ekkert starf í húsi þar sem öll börn og nánast allir starfsmenn lágu heima með Covid. Smá saman fór þó bæði börnum og starfsfólki að fjölga þegar leið á vikuna en þar sem ennþá voru mikil veikindi almennt í þorpinu var ákveðið að fresta Öskudegi um tvær vikur. Allir á íbúar á Suðureyri ákváðu að gera það einnig og var því haldið upp á daginn 2 vikum seinna en með því gátu öll börn tekið þátt í deginum. **Sólarkaffi**, hefð er fyrir því að þann dag sem sólin skín inn um gluggann hjá okkur eru bakaðar vöflur og hin langþráða sól er boðin velkomin aftur í þorpið okkar. **Grín og rugldagur** er haldinn í tengslum við 1. apríl. Við höldum upp á sumardaginn fyrsta með því að fara í **Sólargöngu**, við útbúum sólarhatta og syngjum sólarlög. Börnunum er boðið upp á pönnukökur þennan dag. Ár hvert er farið í **Sveitaferð** og loksins var það hægt eftir tveggja ára bið. Farið var út í Bæ þetta sinn, Kristján og Elísabet tóku vel á móti okkur og fengum við að sjá lömbin og leika okkur smá í sveitinni. Á hverju ári erum við með **Vorsýningu** þar sem foreldrum og öllum bæjarbúum er boðið í heimsókn í skólann til að sjá hvað við erum að gera. Það er gleðilegt frá því að segja að nú loksins var aftur hægt að bjóða á sýningu til okkar. **Vorferð elstu nema** er sameiginleg ferð útskriftarnema leikskólans og yngri bekkja grunnskólans. Þetta árið var farið til yfir á Ísafjörð og farið í heimsókn í Slökkvistöðina og allt skoðað þar. Nesti var borðað í Blómagarðinum en eftir það var farið á lögreglustöðina og hún skoðuð. Að lokum var endað á Æslabelgnum. Skemmtileg ferð sem heppnaðist vel. Að lokum er vert að nefna að farið var í skemmtilega ferð yfir á Ísafjörð með elstu börnin. Við prófuðum í fyrsta sinn að taka rútuna fram og til baka yfir á Ísafjörð, en það er möguleiki þá daga sem boðið er uppá hádegisrútu. Þessi ferð var mjög skemmtileg og gefur okkur kost að geta farið með börnin á ýmsa staði á Ísafirði án mikils kostnaðar. Við eigum klárlega eftir að gera þetta aftur.

Útskriftarathöfn elstu nema

Þetta árið var nokkuð stór hópur að útskrifast hjá okkur eða fimm börn, þrír strákar og tvær stelpur. Útskriftardagurinn var 2. júní og var foreldrum og systkinum boðið að koma og vera viðstödd. Útskriftin sjálf fór fram fyrir hádegi og eins og alltaf er var lögð áhersla á að hafa stundina sem hátíðlegasta. Börnin sungu nokkur lög fyrir foreldra sína og eftir það hófst formleg útskrift þar sem börnin fengu útskriftarskjal og blóm frá leikskólastjóranum. Eftir útskriftina buðu börnin upp á kaffi og köku sem þau höfðu skreytt sjálf. Þó svo að útskriftardagurinn sé alltaf gleðilegur þá finnur maður jafnframt fyrir söknuði að kveðja þessi frábæru og yndislegu börn. Á útskriftardaginn gerum við alltaf eitthvað skemmtilegt og eftirminnilegt

með útskriftarbörnunum. Markmiðið er að þau finni að þetta er þeirra dagur og að þau eigi góðar minningar frá honum. Eftir hádegi hófst óvissuferðin og að venju var það „Frú Bóla“ sem skipulagði ferðina og sendi hún okkur vísbendingar um hvert við ættum að fara. Hún byrjaði á því að senda okkur í Íslandssögu en þar var tekið vel á móti okkur og við fengum að sjá vinnsluna hjá þeim. Börnin voru síðan leyst út með fiskikassa og hvött til að bjóða mömmu og pabba fisk að borða um kvöldið. Eftir þessa heimsókn var „Frú Bóla“ alltaf að senda okkur skilaboð um hvað við ættum að gera og vísbendingar um hvert við ættum að fara og þótti krökkunum það mjög skemmtilegt. Farið var síðan í sund og að lokum fórum við á Kaffihúsið og þar fengum við okkur kökusneið. Útskriftardagurinn er stór dagur í lífi barnanna og mikilvægt að foreldrar taki þátt í honum og gleðjist með barninu. Eins er mikilvægt að kennarar skólans geri hann sem eftirminnilegastan fyrir börnin.

Mat á leikskólastarfi

Innra mat:

- Hljóm 2 - próf: var lagt fyrir börnin í elsta árganginn. Hljóm-2 prófið kannar hljóðkerfis- og málvitund leikskólabarna. Prófið er talið hafa forspárgildi varðandi lestrarnám þegar í grunnskóla er komið. Niðurstöðum úr prófunum var skilað inn í grunnskólann.
- EFI-2 málþroskaskimun var lagt fyrir börn á fjórða ári, prófið kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins.
- MÍÓ stærðfræðiskimun lagt fyrir börn frá 3 ára aldri.
- Tove Krogh teikniprófið var lagt fyrir elstu börnin.
- Gátlisti fyrir 5 ára börnin: Gátlisti var lagður fyrir elstu börnin í leikskólanum að hausti og að vori. Listinn tekur til eftirfarandi þátta: fínhyfinga, grófhreyfinga, stærðfræði, lestrarfærni og sjálfshjálpar.
- Gátlistar: sem tóku mið af aldri barnanna voru lagðir fyrir börnin. Þarna er verið að skoða fín- og grófhreyfingar, félagsþroska, málþroska og sjálfshjálpar.
- Mat leikskólabarna: Börnin fengu tækifæri til að meta hvernig þeim líður í leikskólanum og í einstaka tímum. Matið er í því formi að börnin fá spurningarlista og eiga að lita broskall eða fýlukall eftir því sem þeim finnst. Dæmi: Hvernig fannst þér útikennslan í dag? ☺ eða ☹ Einnig teiknuðu öll börnin það sem þeim fannst skemmtilegt og leiðinlegast í leikskólanum.
- Félagakönnun var lögð fyrir börnin en hún getur gefið vísbendingar um það ef eitthvað barn samlagast ekki barnahópnum og á erfitt með að eignast vini innan hópsins. Ef barn kemur

illa út úr þessari könnun er henni fylgt eftir með atferlisathugun til að kanna nánar hvað veldur einangrun barnsins frá hópnum. Könnun sem þessi getur gefur okkur vísbendingu um félagslega stöðu barnanna í hópnum.

- Endurmat starfsmanna á starfinu: Allir starfsmenn fylltu út sérstakt matsblað er varðar starfið í leikskólanum, hvernig gekk að halda áætlun, hvað gekk vel og hvað mætti betur fara. Á starfsmannafundum fer einnig fram óformlegt endurmat og einstakir þættir í skólastarfinu eru teknir út og þeir eru skoðaðir. Þetta óformlega endurmat er ekki síður nauðsynlegt og stuðlar að lifandi og skemmtilegu leikskólastarfi. Skipulagsdagar og starfsmannafundir eru nýttir til að endurmeta starfið.
- Allir starfsmenn fara í starfsmannaviðtöl en boðið er upp á það einu sinni á ári. En í þeim er komið inn á þætti eins og álag í starfi, skipulag, aðbúnað og hvað mætti bæta.

Ytra mat:

- Skólapúlsinn er lagður fyrir foreldra. Þar gefst foreldrum kostur á að meta gæði starfsins í leikskólanum. Markmið könnunarinnar er m.a. að skoða viðhorf foreldra til leikskólans, daglegra viðfangsefna, áherslu í starfinu, skipulags og upplýsingaflæðis.
- Foreldraráð gefur umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.
- Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar: lögð var fram til kynningar, starfsáætlun fyrir árið 2020-2021, skóladagatal 2020–2021 og ársskýrsla skólans fyrir skólaárið 2019-2020.

Foreldrafélag og foreldraráð

Þar sem ekki var haldinn foreldrafundur í upphafi skólaársins og enginn gaf kost á sér var ákveðið að þeir sem sátu í stjórninni myndu halda áfram í henni.

Í stjórn foreldraráðsins

Ólöf Birna Jensen, formaður

Emilia Agata Górecka

Í stjórn foreldrafélagsins:

Ólöf Birna Jensen, formaður

Emilia Agata Górecka

Gott samstarf hefur verið við foreldrafélag leikskólans og hefur myndast hefð fyrir því með hvaða hætti það kemur að starfsemi skólans. Ekki var þó unnt að bjóða upp á foreldraföndur sem foreldrafélagið hefur séð um vegna samkomutakmarkanna. En á Vorsýningu leikskólans bauð félagið upp á kaffiveitingar. Foreldrafélaginu er þakkað fyrir gott samstarfi í gegnum árin, enda er góð samvinna við foreldra lykillinn að farsælu leikskólastarfi.

Dægradvöl

Leikskólinn býður upp á dægradvöl fyrir 1. og 2. bekk í leikskólanum eftir grunnskólann. Á sl. skólaári voru þrjú börn í dægradvöl.

Samrekstur mötuneytis

Sameiginlegt mötuneyti er rekið fyrir leik- og grunnskólann og er fyrirkomulagið á þann hátt að maturinn er eldaður í mötuneyti leikskólans og fluttur í þar til gerðum kassa yfir í grunnskólann. Á síðasta starfsári voru 31 grunnskólabörn í mat og 4 kennarar.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun stóðst.

Keypt þjónusta

- Túlkaþjónusta, boðið var upp á túlka í foreldraviðtölum.
- Trappa talþjónusta.

Viðhald í leikskólanum

Ekkert viðhald var á leikskólanum á síðasta skólaári.

Þau verkefni sem eru aðkallandi eru:

- Skipta um gler í öllu húsinu.
- Mála húsið að utan.
- Yfirfara klæðningu á húsinu og eða klæða uppá nýtt húsið.
- Klára að mála innanhúss

Viðhald lóðar á sl. ári:

- Lóðin var slegin þrisvar sinnum í sumar á vegum Ísafjarðarbæjar.

Það sem brýnt er að gera á lóð er:

- Bæta þarf lýsingu á lóðinni og setja upp ljósastaura.
- Laga hellulögn við skólann, en hún er farin að síga einnig þarf að bæta við hellulögn.
- Laga þarf öryggissvæðin í kringum leiktækin.

Svava Rán Valgeirsdóttir

Leikskólastjóri.